

GCE
GLOBAL
CAMPAIGN FOR
EDUCATION



**WORLD'S
LARGEST
LESSON**

Ferðataska eða flóttataska?

Námsgreinar:

Landafræði, siðfræði,
samfélagsfræði

Markmið:

- Að skilja hvaða áhrif það hefur á líf fólks að þurfa að yfirgefa heimili sitt vegna þess að líf þeirra er í hættu
- Að finna til samkenndar með fólki í slíkum aðstæðum

Undirbúningur:

- Lesið yfir efnið og athugið ítarefnið í leiðbeiningum fyrir kennara.
 - Finnið til tvær ferðatöskur og hluti sem börn myndu vilja taka með sér, annars vegar í ferðalag og hins vegar á flóttu
- Eða
- Prentið út tvær myndir af tösikum fyrir hvern nemanda.
 - Skiptið bekknum niður í hópa og passið uppá að hver hópur hafi blöð og blýanta til að skrifa á og teikna með

Tími:

30-45
mín

Aldursbil:

8-12
ára

4 MENNTUN
FYRIR ALLA



10 AUKINN
JÖFNUDUR



Almenn athugasemd til kennara þegar farið er yfir viðkvæmt málefni

Umræðurnar sem þið munið eiga með nemendum ykkar verða að fara fram á varkáran hátt og með tilliti til bakgrunns og reynslu hvers nemenda. Kennslustofan á að vera öruggt umhverfi þar sem allir geta deilt hugmyndum sínum og jafnvel eigin reynslu. Sumir nemendur gætu viljað yfirgefa kennslustofuna á meðan ákveðið efni er rætt og slíkar óskir ætti að virða. Eftirfarandi itarefni getur reynst gagnlegt þegar tekist á við kennslu af þessum toga:

Oxfam UK's guide to *Teaching Controversial Issues*

<http://www.oxfam.org.uk/education/teacher-support/tools-and-guides/controversial-issues>

The Historical Association's guide to *Teaching Emotive and Controversial History*

<http://globaldimension.org.uk/resources/item/1522>

Heimspeki fyrir börn:

<http://globaldimension.org.uk/news/item/13650>

Kynning ætluð kennurum um aðstæður innflytjenda í heiminum í dag

Samkvæmt 28. gr. Barnasáttmálans, sem flest ríki hafa undirritað, eiga öll börn rétt á menntun, en grunnmenntun skal vera ókeypis öllum. Samkvæmt upplýsingum UNESCO hafa þrjátíu milljónir barna og ungs fólks ekki möguleika á að ganga í skóla. Þar að auki eru um 757 milljónir fullorðinna ólæsir og eru tveir þriðju þeirra konur.¹ Ástæður þessa eru margar en þar má helst nefna fátækt, óréttlæti og mismunun á grundvelli fötlunar, kyns, þjóðernis eða stéttaskiptingar, stríðs og viðvarandi deilna. Samkvæmt UNICEF verða um 34 milljónir barna og ungs fólks fyrir áhrifum langvarandi ófriðar, þá helst í Sírylandi, Írak, Jemen, Líbíu, Palestínu, Súdan, Jórdaníu, Líbanon og Tyrklandi. Um 13 milljónir barna komast ekki í skóla.² Fólk neyðist til að yfirgefa heimili sín, þorp og bæi til að leita skjóls annars staar, oft í öðru landi. Á árinu 2014 leituðu nær 60 milljónir manna um allan heim eftir aðstoð og vernd gegn ofbeldi, áskóknum eða mannréttindabrotum. Einn af hverjum tveimur er yngri en 18 ára.³

Í 22. gr. Genfarsáttmálans kemur fram að aðildarríki hans skuli veita börnum fullan og jafnan aðgang að menntun, óháð þjóðerni eða búsetu. Þessi réttindi ná oft ekki til flóttamanna.

Meirihluti flóttamanna fer ekki yfir landamæri. Samkvæmt UNHCR⁴ vonast flestir til að geta snúið aftur sem fyrst en auk þess er erfitt að yfirgefa landið og halda lengra. Stærsti hópur fólks án heimkynna í dag eru þær fjórar milljónir sem flúið hafa Síryland en 95% þeirra heldur til í aðliggjandi löndum (2,2 milljónir í Tyrklandi, 1,1 milljón í Líbanon, 633.000 í Jórdaníu). Þar að auki eru 7,9 milljónir Sírylendinga sem teljast vera án heimkynna en hafast enn við í landinu.⁵

Af aðildarríkjum Evrópusambandsins hefur Þýskaland tekið á móti stærstum fjölda flóttamanna. Í lok árs 2015 var þar um ein milljón manns. Þrátt fyrir að stríðið í Sýrlandi og hinn mikli fjöldi flóttamanna sem þaðan leitar til Evrópu hafi verið áberandi í fréttamiðlum, hefur fólki án heimkynna sem flúið hefur frá Afríku einnig fjölgað mikið. Það eru sérstaklega þeir sem flúið hafa átökin í Suður-Súdan. Ríflega 2,3 milljónir manna hafa nú flúið heimili sín eftir að átök hófust í Suður-Súdan árið 2013.⁶ Þá hafa 650,000 manns í þeim hópi leitað hælis erlendis.⁷ Auk þess hafa miklar deilur átt sér stað í austurhluta Kongó sem hefur orðið til þess að mikill fjöldi fólks hefur neyðst til að yfirgefa heimili sín og flýja til nærliggjandi landa.⁸

Án menntunar – og lífs

Líf flóttamanna er erfitt. Leitin að öryggi krefst þess að yfirgefa og skilja eftir flestar eigur sínar. Erfiðar aðstæður verða oft til þess að menn láta vera að ganga eftir því að mannréttindi þeirra séu virt, þ.á m. rétturinn til menntunar. Í þeim fimm löndum sem taka á móti stærstum hópum flóttamanna frá Sýrlandi (Tyrkland, Líbanon, Jórdanía, Írak og Egyptaland) dvelja nú um 700.000 börn sem hafa ekki möguleika á því að ganga í skóla. Það eru u.þ.b. 53% þeirra barna sem flúið hafa til þessara landa.⁹ Nefna má eftirfarandi ástæður:

Fátækt

Flóttamenn búa oft við fátækt. Löggjöf margra landa gerir það erfitt fyrir flóttamenn að finna vinnu og grípa margir til þeirra ráða að leita á svartan markað til að lifa af. Störf af þessu tagi duga oftast ekki fyrir grunnþörfum fólks líkt og leigu á húsnæði og mat fyrir fjölskylduna.

Samkvæmt skýrslu Flóttamannastofnunnar Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) frá árinu 2014 lifðu tveir þriðju sýrlenskra flóttamanna í Jórdaníu undir fátæktarmörkum árið 2014 en landsstaðallinn er 96 dollarar á mánuði¹⁰ sem eru u.þ.b. 11.000 íslenskar krónur. Tækifæri barna til menntunar við þessar aðstæður eru af skornum skammti. Skólar sem veita ókeypis grunnmenntun barna eru oft yfirfullir, skortur er á menntuðum kennurum og lítið um kennslugögn. Foreldrarnir neyðast til þess að taka börnin úr skóla vegna hárra skólagjalda eða kostnaðar við samgöngur til og frá skóla. Oft eru börnin látin vinna til þess að halda fjölskyldunni uppi. Börn með sérþarfir eru í sérstakri hættu á að komast ekki í skóla.¹¹

Barnaþrælkun

Vegna þess hversu erfitt það getur reynst fyrir flóttamenn að hafa ofan af fyrir fjölskyldunni þurfa allir meðlimir fjölskyldunnar oft að taka þátt í að útvega heimilinu tekjur, jafnvel yngstu börnin. Í stað þess að fara í skóla þurfa börnin að vinna inni á heimilum fólks eða við landbúnað. Samkvæmt skýrslu UN Women frá árinu 2013 sagði um helmingur sýrlenskra flóttamanna í nágrannalöndunum að fjölskyldan væri háð tekjum sem börnin færa heimilinu.¹² Sama á við um þær fjölskyldur sem búa í flóttamanna-búðum.

Hinn 13 ára gamli Ahmed hefur ekki farið í skóla í þrjú ár. Þegar fjölskyldan bjó í borginni Da'ra í Sýrlandi þurfti hann að hætta í skóla vegna þess hversu hættulegt það var að fara út úr húsi. Í flóttamannabúðunum í Za'atari í Jórdaníu vonaðist hann til að geta farið í skóla á ný, en í staðinn þurfti hann og bræður hans að selja sigarettur í 12 tíma á dag til þess að afla fjölskyldunni tekna.¹³ Af þeim sýrlensku börnum sem vinna við landbúnað í Jórdaníu ganga aðeins 2,4% í skóla.¹⁴

Giftingar barna

Fátækt eykur hlutfall barnagiftinga í hópi flóttamanna. Gripið er til þess að gifta dæturnar burtu ungar til að létta á kostnaði fjölskyldunnar. Í kjölfarið þarf stúlkan oft að hætta í skóla. Önnur ástæða barnagiftinga getur verið að vernda stúlkurnar fyrir kynferðisofbeldi á leið þeirra í og úr skóla.

Takmarkaður stuðningur frá alþjóðasamfélaginu

Ef alþjóðasamfélagið myndi bregðast við væri hægt að bæta aðstæður flóttamanna verulega. Til að tryggja réttindi flóttamanna sem hafast við í nágrennalöndum Sírlands og aðgang þeirra að nauðsynlegri grunnþjónustu þarf mikið fjármagn. Árið 2015 var álitnið að kostnaðurinn við slíkt næmi 566 milljónum bandaríkjadala.¹⁵ Í Suður Súdan hafa ekki borist nema 30% af nauðsynlegu fjármagni eða 544 milljónir bandaríkjadala frá alþjóðasamfélaginu.¹⁶ Í Mið-Afríkulýðveldinu hefur aðeins 24% nauðsynlegs fjármagns borist.¹⁷

Heimildir:

1. UNESCO Institute for Statistics, 2015, A growing number of children and adolescents are out of school as aid fails to meet the mark, S. 1
2. UNESCO Institute for Statistics, 2015, Fact Sheet No. 32, Adult and Youth Literacy, S. 1
3. UNICEF, 2015, Education under Fire, S. 3
4. UNHCR, 2015, Global Trends 2014, S. 3
5. UNHCR, 2015, Global Trends 2014, S. 2
6. UNHCR Statistical Online Population Database, United Nations High Commissioner for Refugees (UNHCR), www.unhcr.org/statistics/population-database, Zugriff: 14.12.2015
7. ebd.
8. <http://www.unhcr.org/5661ae0c6.html>, Zugriff: 5.1.2015
9. UNICEF, 2015, Education Under Fire, p.13
10. UNHCR, 2014 Living in the Shadows, p.7
11. UNHCR, 2014 Living in the Shadows, p. 67
12. UN Women Inter-Agency Assessment 'Gender-based Violence and Child Protection Among Syrian Refugees in Jordan, With a Focus on Early Marriage ', 2013, p 35
13. UNICEF, 2015 http://www.unicef.org/infobycountry/jordan_82551.html, access 10.12.2015
14. ILO Rapid Assessment on Child Labour, Agricultural Sector in Jordan / Mafraq & Jordan Valley (Ghor)
15. UNHCR, 2015 UNHCR funding - Syria Situation Response 2015-8 December, for downloading on <http://data.unhcr.org/syrianrefugees/regional.php>
16. UNHCR, South Sudan situation - Funding Update, 12/08/2015
17. UNHCR, Central African Republic Situation Update, 22.12.2015

Ferðataska eða flóttataska?

Markmið: Að skilja hvaða áhrif það hefur á líf fólks að þurfa að yfirgefa erfiðar aðstæður í heimalandinu og að öðlast samkennd með þeim sem upplifa slíkar aðstæður.




„Ímyndaðu þér að þú sért á leið í frí á morgun. Hverju myndir þú pakka? Hvert ertu að fara og hvað þarftu að hafa með þér? Þú hefur 5 mínútur til að setja það sem þig vantar niður í tösku“

- ▶ Raðið nemendum í minni hópa og biðjið hvern nemanda um að skrifa niður hverju þeir myndu pakka niður. Í framhaldinu skulu nemendur ræða hvað þeir ákváðu að setja í töskuna og af hverju.

„Nú hafa aðstæður þínar breyst. Ímyndaðu þér að þú þurfir að flýja heimili þitt á morgun. Þú veist ekki hvort eða hvenær þú getur snúið aftur heim. Pakkaðu niður því sem þú myndir vilja taka með þér. Mundu, þú getur aðeins haft eina tösku með þér og þú munt að öllum líkindum þurfa að yfirgefa landið fótgangandi eða með lestum og rútum. Þú munt líklega ekki geta sofíð innandyra alla nætur. Taktu 5–10 mínútur í að ákveða hvað þú tekur með þér.“

- ▶ Búðu til lista yfir hluti til að hjálpa ef þörf er á. Látið nemendur hafa mynd af tösku og myndir úr dagblöðum eða tímaritum sem þau geta klippt út og límt í töskuna.


- ▶ Fáðu einn eða fleiri úr hópi nemenda til þess að segja frá því hvað þau létu í töskuna og af hverju. Nemendur geta unnið tveir og tveir saman, í hópum eða allir geta farið yfir verkefnið saman sem bekkur. Gefið nemendum fimm mínútur til að undirbúa svörin og 10 mínútur til umræðna í kjölfarið.



- ▶ Hvaða munur er á ferðatöskunni og flóttatöskunni? Af hverju er innihald þeirra ólíkt? Hverju myndir þú ekki pakka niður í flóttatöskuna sem þú myndir samt sem áður sakna?

- ▶ Mundu nemendurnir eftir að pakka niður fæðingavottorði, upplýsingum um skólavist og staðfestingum á bólusetningum? Ræðið af hverju þessi skjöl eru mikilvæg.

- ▶ Ljúkið tímanum með því að ræða hvaða áhrif það hefði ef þau þyrftu að flýja á morgun. Hvaða áhrif myndi það hafa á líf þeirra í framtíðinni? Hvað myndi gerast ef þau gætu ekki mætt í skóla í tvö ár jafnvel þótt að þau vildu það (5 mínútur).



Taktu til aðgerða í þágu Heimsmarkmiðanna



Sem kennari hefur þú tækifæri til að hvetja nemendur og efla trú þeirra á því að þau geti haft áhrif, að hlutirnir geti breyst og að þau geti stuðlað að breytingum

Gríptu til aðgerða – það sem þú getur gert núna:


- Nemendur geta **skrifað** bréf til viðeigandi stjórnvalda og **útskýrt** hvers vegna Heimsmarkmiðin eru mikilvæg fyrir framtíð þeirra og **spurt** stjórnvöld um aðgerðir þeirra til að vinna að tilteknu Heimsmarkmiði
- Þjóddu nemendum að taka saman það sem þau hafa lært um **#Heimsmarkmiðin** og deila því með World's Largest Lesson á Twitter @theworldslesson eða á Facebook

Gríptu til aðgerða – Frekari aðgerðir:

- Til að auka þekkingu sína og hafa frekari áhrif geta nemendur tekið þátt í **verkefnum** í þeirra heimabæ til að stuðla að breytingum í þágu Heimsmarkmiðanna.

Frekari upplýsingar og námsefni má finna á skólavefnum www.un.is/skolavefur og www.globalis.is, auk www.worldslargestlesson.globalgoals.org





World's Largest Lesson er samstarfsverkefni um menntun sem styður við kynningu á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þessi kennslustund var hönnuð af meðlimum *The Global Campaign for Education* í Þýskalandi og við þökkum þeim fyrir stuðningin.



DON BOSCO
macht Schule



unicef
Gemeinsam für Kinder

